

Um Varlam Shalamov

Varlam Tíkhonovítsj Shalamov fæddist 18. júní 1907 í bænum Vologda í Vologda-héraði. Hann sat lengi í fangabúðum Stalíns í Síberíu og er þekktastur fyrir fjölmargar smásögur sem lýsa lífinu þar og birtust undir heitinu Kolymskíje rasskazy (Sögur frá Kolyma).

Shalamov ólst upp á menningarheimili. Faðir hans var prestur í grísk-kaþólsku kirkjunni og móðir hans var kennari. Faðirinn hafði orð á sér fyrir að vera frjálslýndur en þótti strangur heima fyrir. Eftir hefðbundna skólagöngu í heimabæ sínum fór Shalamov til Moskvu árið 1924 þar sem hann fékk vinnu á sútunarverkstæði. Tveimur árum síðar fékk hann inngöngu í lagadeild Ríkisháskóla Moskvu og fljótlega gekk hann til liðs við unga trotskísta. Hann var handtekinn strax á öðru skólaári sínu þegar hann var staðinn að því að prenta ólöglegt dreifibréf¹ og sakaður um andbyltingarstarfsemi. Dómurinn hljóðaði upp á þriggja ára betrunarvinnu. Árið 1932 var Shalamov kominn til Moskvu aftur og starfaði þá sem blaðamaður um árabíl. Á þessum árum byrjaði hann að semja bæði smásögur og ljóð þótt hann hafi ekki enn verið farinn að skrifa um vistina í fangabúðunum. Árið 1937, þegar hreinsanir Stalíns voru í hámarki, var hann handtekinn á ný og aftur sakaður um andbyltingarstarfsemi. Nú hlaut hann fimm ára dóm en átti raunar eftir að dvelja í fangabúðum í sautján ár samtals, því 1943 var hann ákærður enn á ný, m.a. fyrir að hafa tjáð sig lofsamlega um Nóbelsverðlaunahafann Ívan Búnín, en Búnín dvaldi þá í útlegð í París. Árið 1951 var

1 Bréf Leníns til þingsins dagsett 25. desember 1922 þar sem hann gagnrýnir Stalín en hampar Trotskí. Í byrjun janúar lagði Lenín svo til að Stalín yrði settur af sem aðalritari flokksins þar sem hann væri of ruddalegur og valdasjúkur.

Shalamov sleppt úr fangabúðunum en gert að dvelja um skeið í Magadan, stærstu borginni í Kolyma. Eftir dauða Stalíns árið 1953 fékk hann leyfi til að flytja þaðan. Shalamov fékk uppreisn æru 1956 og jafnframt leyfi til að snúa aftur til Moskvu þar sem hann fór aftur að starfa sem blaðamaður.

Í Moskvu hóf Shalamov aftur að yrkja ljóð og semja sögur. Árin, sem hann eyddi í hinum óblíðu og miskunnarlausu þrælkunar-búðum Kolyma-héraðs í Síberíu, urðu honum nú að yrkisefni og hann samdi magnaðar frásagnir um lífið í búðunum. Það reyndist erfitt að fá sögurnar birtar en þær gengu manna á milli í samízdát-útgáfum.² Shalamov fékk samt útgefnar fimm ljóðabækur, m.a. *Ognivo* (Eldfæri) 1961, *Doroga í súdba* (Vegur og örlög) 1967 og *Moskovskíje oblaka* (Ský yfir Moskvu) 1972.

Sögur Shalamovs birtust ekki á prenti í Rússlandi fyrr en mörgum árum síðar, enda bannaðar þar í landi langt fram á níunda áratug aldarinnar. Handritinu að *Sögunum frá Kolyma* var smyglað til Bandaríkjanna 1966 af Clarence Brown, prófessor við Princetón-háskóla. Í nokkur ár, 1970–1976, birtist saga eftir Shalamov í flestum heftum tímaritsins *New Review*, sem var gefið út af rússneskum innflytjendum í Bandaríkjunum. Það var Shalamov til nokkurs ama og snemma á áttunda áratugnum neyddist hann, orðinn heilsutæpur og háður greiðslum frá Rithöfundasambandi Sovétríkjanna, til að lýsa því yfir opinberlega, í bókmenntatímaritinu *Líteratúrnaia gazeta*, að hann hefði aldrei sent neitt efni til útlanda og að hann væri dyggur og trúr þegn Sovétríkjanna. Síðustu ár ævinnar átti Shalamov auma vist á dvalarheimili fyrir aldraða. Aðstæður þar voru síður en svo til fyrirmyndar og KGB hafði alla tíð auga með honum. Árið 1981 var hann svo úrskurðaður andlega sjúkur og í janúar 1982 var hann fluttur á geðsjúkrahús, nánast klæðlaus í miklum kulda, þar sem hann lést úr lungnabólgu þremur dögum síðar.

Heildarútgáfa sagnanna kom fyrst út á rússnesku í Lundúnum 1978. Til að vernda Shalamov tóku ritstjórnarnir fram að útgáfan væri án vitundar höfundarins. En í Sovétríkjunum var engin saga gefin út fyrr en árið 1988 þegar *perestrojka*, umbótaáætlun Míkhaíls Gorbatsjov, var farin að festa sig í sessi.

2 Samízdát þýðir bókstaflega sjálfútgáfa. Meðan ströng ritskoðun gildi í Sovétríkjunum var algengt að verk rithöfunda væru prentuð eða fjölrituð ólöglega og þeim dreift leynilega til lesenda.

Sögurnar þykja minna að ýmsu leyti á smásögur Tsjechovs. Þær eru stuttar og fjalla yfirleitt um einn stakan atburð, lýsingarnar eru hlutlausar og án hleypidóma, en skrifaðar af miklu listfengi. Frásögnin sjálf er áhrifamikil og höfundur lætur lesendur sjálfa um að draga ályktanir af henni. Þótt Kolyma-sögurnar eigi að heita skáldskapur, byggja þær á reynslu Shalamovs úr fangabúðunum og sagt er að hann hafi upplifað sjálfur eða orðið vitni að öllu því sem sögurnar segja frá.